

# Grímslækjarheiði

## Deiliskipulag



### Greinargerð

#### Inngangur

Hér er sett fram deiliskipulag sem nær til lóða á Grímslækjarheiði, austur af Bolasteini í Sveitarfélögnum Ölfusi. Um er að ræða eignarland sem nær yfir lóðirnar Hlíðarás (L172271), Sögustein (L172269) og Sögustein 1 L231059. Landinu hefur verið skipt út úr landi Efri-Grímslækjar. Svæðið er næstum 4,5 ha og liggur norðan þorlákshafnarvegar nr. 38 um 10 km sunnan við Hveragerði og um 8 km norðan við Þorlákshöfn. Á svæðinu stendur eitt íbúðarhús og eitt frístundahús undir lágu klettabelti.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag, þar sem svæðið er aðallega skilgreint sem íbúðarsvæði (I12) en austasta lóðin, Hlíðarás, er frístundalóð (F5). Í markmiðum sveitarfélagsins er varða íbúðarsvæði er lögð á hersla á hagkvæma þróun íbúðarbyggðar á rúnum lóðum sem jafnframt þjóni eftirsprung sem best og að íbúðarbyggð verði á samfelldum svæðum til að vegir og veitur nýtist sem best.

Fyrirhugað er að byggja upp svæðið sem íbúðarsvæði með allt að 6 rúmgóðum lóðum sem skipt verður úr landi Sögusteins. Frístundalóðin er fullbyggð.

#### Staðhættir og forsendar

Svæðið er flatlent og með rýrri gróðurþekju sem er skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands mosraunaavist L6.3, lyngraunaavist L6.4 sem báðar eru með miðlungs verndargildi, eyðihraunaavist L6.1 með lágt verndargildi og alaskalúpina L14.4 en verdargildi hennar er ekki metið.

Svæðið liggur á forsögulegu hrauni, Hellisheiðarhrauni/Orustuhólhrauni/Eldborgarhrauni sem er 1900-2400 ára gamalt. Hraunið fellur

undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013, 61. gr. um jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Þar sem hraunið er að öllu leyti hulið jarðvegi og gróðri og vart hægt að greina hvort um hraun sé að ræða, hefur það tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi jarðmynduninnar. Svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði eins og allt Suðurlands undirlendið.

Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu.

Í gildi er deiliskipulag frá 1995, Grímslækjarheiði, fyrir frístundabyggð sem fellt verður úr gildi, við gildistöku nýs deiliskipulags.

Tvær lóðir á svæðinu eru þegar byggðar. Á lóð Hlíðaráss er búið að byggja 279,4 m<sup>2</sup> sem skiptist í einbýlishús, bílskúr og gestahús. Á lóð Sögusteins 1 er 272,4 m<sup>2</sup> einbýlishús. Að öðru leyti er svæðið óbyggt.

#### Skilmálar

Frístundalóðin telst fullbyggð. Á íbúðarlóðunum er hámarks nýtingarhlutfall 0,07. Heimilt er að byggja íbúðarhús á einni eða tveimur hæðum með hámarkshæð allt að 6 m. Einnig er heimilt að byggja bílskúr og gestahús með hámarkshæð allt að 3 m.

Aðkoma frá frístundalóðinum er um lóð Sögusteins (L172269) og verður því utan íbúðarlóðanna.

Kvöð er um sameiginlega þáttöku í kostnaði við viðhald aðkomuvegar og vatnsveitu. Skal kostnaðarþátttaka hvernar lóðar vera hlutfallsbundin, þannig að hver lóð greiði 1/7 af kostnaði við viðhaldi. Hins vegar ber landeigandi lóðanna Sögusteins og Sögusteins 1 allan kostnað við gerð vegarins og vatnsveitunnar í upphafi.

Byggingsar verða tengdar dreifikerfi rafveitu. Vatn

verður fengið úr einka borholu á lóð Sögusteins 1 sem gefur allt að 10 l/s. Borholan er kvöð á lóðinni. Lagnir verða lagðar í jörð meðfram aðkomuvegum, eftir því sem hægt er. Frárennslí verður leitt í sameiginlegt hreinsivirkni fyrir byggingsar og verður frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitir og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum. Tryggja skal gott aðgengi að hreinsivirkjum til tæmingar. Samnýta skal hreinsivirkni eftir því sem við verður komið.

Í eða við byggingsar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingsarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi sé gott. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

Svæðið er innan starfssvæðis Brunavarna Ánessýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Þar sem veitukerfi anna ekki nægu slökkvivatni skal tryggja aðgengi að því s.s. með safntanki, borholu og/eða öruggu aðgengi slökkvibíla að yfirborðsvatni. Magn slökkvivatns, s.s. stærð tanks, skal miðast við brunaálag byggings. Brunavarnir, s.s. stærð og staðsetning tanks eða borholu, verða unnar í samráði við Eldvarnaeftrilit Brunavarna Ánessýslu. Á veitukerfum með nægu slökkvivatni skal vera brunahani í nálægð við byggingsar.

Deiliskipulag fyrir svæðið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Helstu umhverfisáhrif eru breytt ásýnd þegar fleiri mannvirki verða reist og aukin umferð. Hvor tveggja er bó talið hafa óveruleg áhrif.



#### SKÝRINGAR

<span style="background-color: #ffcc00; border: 1px solid black; padding: 2px;"></span>	Mörk deiliskipulagssvæðis
<span style="background-color: #90EE90; border: 1px solid black; padding: 2px;"></span>	Lóðarmörk
<span style="border: 2px dashed black; padding: 2px;"></span>	Byggingareitir húsa
<span style="background-color: #808080; border: 1px solid black; padding: 2px;"></span>	Núverandi byggingsar
<span style="border: 1px solid black; padding: 2px;"></span>	Vegur
<span style="border-top: 2px dashed black; border-bottom: 1px dashed black; border-left: 1px solid black; border-right: none; padding: 2px;"></span>	Mörk helgunarsvæðis vegar 100 m frá miðlinu
<b>F=</b>	Lóðastærð
<span style="border: 1px solid black; border-radius: 50%; padding: 2px;"></span>	Hreinsivirkni, möguleg staðsetning
<span style="background-color: #0000ff; border: 1px solid black; border-radius: 50%; padding: 2px;"></span>	Borholu

#### SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:

- Deiliskipulagsuppráttur 1:1.000

#### Kortagrunnur:

Skipulagsuppráttur er teiknað í kortagrunni sveitarfélagsins, kortagrunni EFLU verkfræðistofu, IS500 kortagrunni frá LMI, loftmynd frá Loftmyndum ehf. og landeignaskrá Þjóðskrár

#### SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41.gr. skipulagslag nr. 123/2010 var sampykkt í skipulags- og umhverfisnefnd nefnd þann og í sveitarstjórn þann

Tillagan var auglýst frá með athugasemda fresti til

f.h. Sveitarfélagsins Ölfus

EFLA

Grímslækjarheiði  
Sveitarfélagið Ölfus  
Deiliskipulag

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
7256-001	A2	AB	ÁJ
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	

SAMPYKKT:

TILLAGA